

ÍSLENZKUR  
TÍÐASÖNGUR

Miðmorgunstíð  
Náttssöngur

Sigurður Pálsson / Róbert A. Ottósson  
tóku saman

Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar gaf út  
Reykjavík 1963


Miðmorgunstíð ..... 1-10

Náttsgögur ..... 11-22

M I D M O R G U N S T I D

( P r i m a )


## I. UPPHAF



V. Guð, lát þér þóknast að frelsa mig.



R. Drottinn, skunda mér til hjálpar.



V. Dýrð sé Guði, Föður og Syni og Heilögum Anda.



R. Svo sem var í upphafi, er enn og verða mun



um aldir alda. Amen. Hallelú-ja.

eða, um föstu :




... um aldir alda. Amen. Lofaður sérþ þú,



Kristur, konungur dýrðarinn-ar.

## II. HYMNI

3



I Er ljóma dagsins lítum hérð ljúfasti Faðir,



biðjum vér : ó, bæg oss öllu böli frá



og blesa störf vor jörðu á.

II Lát tungu vora tigna þig  
og tal vort benda á friðarsstig.  
Gjör augun skír á himnesk hnoss.  
Frá heimsins glysi leið þú oss.

I Varðveit, ó Drottinn, hjörtun hrein.  
Hreinsa og græð vor sálar mein.  
Leið þú og styð oss falli frá,  
svo freistni' og girnd vér sigrumst á.

II Svo þegar ljómi dagsins dvín,  
Drott'inn, vér horfum upp til þín,  
syngjum með þinni helgri hjörð  
himnínum lof og bakkargjörð.

I-II Eilífi Faðir, þökk sé þér,  
þinnar miskunnar nutum vér.  
Heill bínum Syni' af hjarta skýrð  
og Helgum Anda lof og dýrð.



A -- men.

III. DAVIDSSÁLMUR  
 (85/9-14)  
 (Andstef-sálmur-andstef)



Hallelúja,\* hallelúja, halle-lúja.



I Eg vil hlyða á það, sem Drottinn taljar, hann



talar frið til lýðs síns og til/dýrkenda sinna\*




og til þeirra, er snúa hjarta sín/u til hans.




II Já, hjálp hans er nálæg/beim, er óttast hann\*



til þess að vegsemadir megi búa í land/i voru.



I Elska og/trúfesti mæt-ast, \*



réttlæti og frið/ur kyssast.


ATH. II Trúfesti sprettur/upp úr fördinni\*  
og réttlæti lítur niður/af himni.

I Þá gefur og/Drottinn gæði,\*  
og land vort veitir afurð/ir sínar.

II Réttlæti fer/fyrir honum,\*  
og friður fylg/ir skrefum hans.

I Dýrð sér Guði,/Föður og Syni\*  
og Heilög/um Anda.

II Svo sem var í upphafi, er/enn og verð-a mun  
um aldir ald/a. Amen.



Hallelúja, hallelúja, halle-lúja.

---

ATH.= með sama tónlagi.

## IV. RITNINGARLESTUR -

LOKASTEF :



Y. Drottinn, miskunna þú oss !



B. Guði sé lof og þakkargjörð !

ATH. Ritningartextann má tóna, og er þá slepptY. "Drottinn, miskunna þú oss", sbr. eftir-  
farandi dæmi (I. Tímóteusarbréf, 1/17) :

En konungi aldanna, ókrenkilegum, ósýnilegum ein-




um Guði, sé heiður og dýrð um aldir alda. Amen.




B. Guði sé lof og þakkargjörð.


## V. VÍXLSÖNGUR




V. Metta oss að morgni með miskunn þinni og náð,




B. að vér meðum fagna og gleðjast alla vor-a




daga. V. Staðfest þú verk vorra hand-a ,




B. að vér meðum fagna og gleðjast alla vor-a




daga. V. Dýrð sé Guði, Föð-ur og Syn-i og



Heilögum And-a . B. Metta oss að morgni með



miskunn þinni og náð, að vér meðum fagna



og gleðjast alla vor-a daga.



V. Drottinn, heyr vora bæn !



B. Og lát hróp vort koma fram fyrir þig !

## VI. TRÚARJÁTNINGIN

lesist sameiginlega :


Ég trúi á Guð, Föður almáttugan,  
skapara himins og jarðar.

Ég trúi á Jesúm Krist, hans einkason, Drottin  
vorn, sem getinn er af heilögum Anda, fæddur af  
Mariu meyju, píndur undir Pontiusi Pílatusi,  
krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til  
heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauð-  
um, steig upp til himna, situr við hægri hönd  
Guðs Föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma  
lifendur og dauða.

Ég trúi á heilagan Anda, heilaga almenna kirkju,  
samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upp-  
risu holdsins og eilift líff. Amen.

VII. BÆNIR

9



W. Kyrie eleison.

R. Guð Faðir, miskunna þú oss.




W. Christe eleison.

R. Kristur, Guðs son, miskunna þú oss.



W. Kyrie e-le-i-son.




R. Guð Hæilagur Andi, miskunna þú oss.

W. Virztu, Drottinn, á þessum degi


R. að varðveita oss án synda :

W. Miskunna þú oss, Drottinn.

R. Miskunna þú oss ! ATH.



W. Biðjum. Drottinn, vér biðjum þig :



Hald kirkju þinni og lýð staðföstum í þinni

ATH. Víxlbænir aðrar, sem biðja má, í texta-  
útgáfu séra Sigurðar Pálssonar.

lo



sönnu trú - svo að þeir, sem aðeins vona á bína



himnesku náð, megi eilíflega varðveitast af bínu



almætti. Fyrir Jesúm Krist Drottin vorn. R. Amen.

FADIR VOR - (lesist í hljóði)

#### VIII. BLESSAN



W. Þökkum Drottni og vegsönum hann.



R. Guði sé vegsemd og þakkargjörð !



W. Drottinn blessi oss og varðveiti oss frá öllu  
illu. Hann leiði oss til eilífs lífs.



R. AMEN.

—